



Reykjavík 30.10.2018

## **Varðar: Umsögn Matís um drög að Reglugerð um áhættumatsnefnd**

Matís gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að Reglugerð um áhættumatsnefnd:

### *2. grein*

Það þyrfti að koma fram að formaður og nefndin hafi greiðan aðgang að Matvælaöryggistofnun Evrópu (EFSA) til þess að nýta þá þekkingu sem þar er til staðar varðandi áhættumat á starfsviði nefndarinnar.

Matís telur mikilvægt að skýrt sé að nefndin geti átt frumkvæði til að leggja fram tillögur um framkvæmd áhættumats til sjávar- og landbúnaðarráðherra. Vinna hæfist eftir samþykki ráðherra í samráði við Matvælastofnun.

### *3. grein*


Matís telur eðlilegt að Tilraunastofa Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum sé hluti af áhættumatsnefndinni vegna sérfræðiþekkingar á búfjárjúkdómum og sníkjudýrum sem geta borist í menn með matvælum.

Ekki eru skýrar valdheimildir nefndar að kalla eftir gögnum sem mikilvæg eru til að framkvæma áhættumatið frá opinberum og/eða einkaaðilum í tengslum við vinnu nefndarinnar. Mikilvægt er að slíkar valdheimildir séu fyrir hendi.

Ekki eru skýrar valdheimildir nefndarinnar til að skipa utanaðkomandi sérfræðinga til að taka þátt í áhættumatsvinnunni og að þeir geti forgangsraðað þeirri vinnu fram yfir aðrar starfskyldur. Mikilvægt er að slíkar valdheimildir séu fyrir hendi.

### *5. grein.*

Nauðsynlegt að skilgreina hvernig áhættumiðlun/áhættukynning nefndarinnar fari fram og tryggja að nefndin hafi þetta hlutverk sem og leyfi til þess fjalla um vinnu nefndarinnar á opinberum vettvangi á gagnsæjan og skýran hátt. Áhættukynningin gegnir afgerandi hlutverki með tilliti til niðurstöðu eða áhrifa áhættumatsins og áhættustjórnunar á almenningsálit og hegðun neytenda í kjölfar áhættumats á sviði matvælaöryggis.



Umsjónarmenn eru nefndir í 5 greininni en ekki er skýrt hverjir þessir umsjónarmenn eru. Texti kringum nefndan umsjónarmann er óskýr og mætti fjarlægja. Við bendum á að áhættumat feli í sér víðtækt samstarf sérfræðihóps en ekki einstaklings. Slík skipulagning fellur undir ákvæði að nefndin setur sér starfsreglur.

Það á ekki við áhættumat að meirihluti ráði niðurstöðu nefndarinnar. Sérfræðiþekking og óháð vísindaleg vinnubrögð ráða niðurstöðu, því er nauðsynlegt að fjarlægja þessa málsgrein.

## 6. grein

6. grein er enn óskýr varðandi fjármögnun og kostnað sem má falla á nefndina. Sem dæmi má nefna ef alvarleg vá er í gangi, hefur nefndin þá leyfi til að greiða fyrir bráðar mælingar til að bera kennsl á uppsprettu hættunnar, utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf, gögn úr gagnasöfnun, þróun á mæliaðferðum?

Ekki er skýrt hvernig greiða á fyrir fasta setu í nefnd annarra sérfræðinga en formanns. Er krafist að stofnanir sem skipa fastan aðila í nefndina, beri kostnað af þátttöku starfsmans í nefndinni? Við teljum að vinna nefndarinnar geti orðið viðamikill hluti af starfskyldu skipaðra nefndarmanna og því hætta á að önnur störf innan viðkomandi stofnana verði sett í forgang ef ekki er tryggt að greiðsla fyrir tíma starfsmanns í nefndinni sé fyrir hendi.

Ef nefndin á að geta gegnt hlutverki sínu er mikilvægt að hún geti haft áhrif á framkvæmd rannsókna sem fyrir hendi eru á sviðum tengdum starfssviði hennar. Að öðrum kosti er hætt við að starf hennar verði fyrst og fremst fólgið í að bregðast við málum sem koma upp, í stað þess að geta, í samstarfi við ýmsa rannsóknaaðila, undirbúið jarðveginn fyrir nauðsynlegt áhættumat. Nauðsynlegt er að taka tillit til þess og að ríkisaðilar og fyrirtæki sem kunna að hafa yfir gögnum að ráða og/eða stundi rannsóknir sem skipta máli varðandi hlutverk nefndarinnar, séu upplýstir um þetta og hagi málum í samræmi við mikilvægi áhættumats í lögum 93/1995 og síðar í sömu lögum 143/2009 um matvæli.

Virðingarfyllt,

Hrönn Ólína Jörundsdóttir  
Sviðsstjóri Mæliþjónustu og innviðasviðs  
[hronn.jorundsdottir@matis.is](mailto:hronn.jorundsdottir@matis.is)

